

Miðvikudaginn 20. janúar 1971.

Nr. 185/1960. **Ingibjörg Magnúsdóttir**
Ingibjörn Þ. Jónsson
Árni Jónsson
Einar Magnússon
Árni Einarsson
Dánarbú Egils Pálssonar og
Dánarbú Guðmundar Eyjólfssonar
 gegn
Miðnesi h/f og skilanefnd Garðs h/f
Árna Magnússyni og Berent Magnússyni
og gagnsök.

D ó m e n d u r :
 hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og
 Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr og Hákon Guð-
 mundsson yfirborgardómari.

Beiðni um endurupptöku dæmids máls synjað.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar.

Lögð var fram umsókn Gunnlaugs Þórðarsonar hæstarétt-
 arlögmanns, dagsett 4. nóvember 1969, þar sem þess er farið
 á leit f. h. Einars H. Magnússonar, Klöpp, Ara Einarssonar,
 s. st., Einars Egilssonar, Nirðri-Flankastöðum, Magnúsar
 Marteinssonar, Arnarbæli, Guðrúnar Ólafsdóttur, s. st., Ingi-
 bjargar Magnúsdóttur, Syðri-Flankastöðum, og Berents
 Magnússonar, Krókskoti, Sandgerði, að leyfð yrði endurupp-
 taka hæstaréttarmálsins nr. 185/1960.

Var mál þetta dæmt í Hæstarétti 10. nóvember 1961.

Fullnægt hefur verið ákvæðum 2. mgr. 59. gr. laga nr.
 57/1962.

Umsækjendur um upptöku nefnds hæstaréttarmáls hafa
 nú lagt fram fjölda skjala til rökstuðnings því, að eigendur
 Syðri-Flankastaða eigi meiri rétt til lands en þeim var
 dæmdur með dómi Hæstaréttar frá 10. nóvember 1961. Hinna
 nýju gagna hefði mátt afla, áður en málið var dæmt í Hæsta-
 rétti 1961.

Með nefndum hæstaréttardómi var landamerkjalinan milli Sandgerðis og Syðri-Flankastaða dregin eftir tilgreindum kennileitum og sem sjónhendingarlína frá þeim, nákvæmlega svo sem ákvæðið var í landamerkjabréfi Sandgerðis frá 13. júní 1889. Taldist það eigi geta fellt úr gildi hina skýrt orðuðu markalínu eftir kennileitum, þótt áttatáknun hennar frá markaleitinu Magnúsarvörðu standist ekki. Þá var og talið, að ákvörðun landamerkjabréfs Sandgerðisjarða um ákvörðun landamerkjalinunnar eftir kennileitum gangi fyrir ákvæði landamerkjabréfs Flankastaðajarða frá 17. júní 1889, þar sem einungis er greind áttin frá Magnúsarvörðu, en eigi kennileiti. Hvort tveggja landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi fyrir Miðneshrepp á Skaga hinn 18. júní 1889. Voru eigi andmæli höfð uppi gegn bréfunum. Slík andmæli voru eigi borin fram fyrir dómi, fyrr en til máls þessa kom. Í 1. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o. fl. segir svo m. a.: „Þar sem eigi eru af náttúrunnar völdum glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sé við haldið“. Samkvæmt 8. gr. sömu laga skal valdsmaður hefjast handa, ef um árgreining um landamerki er að tefla. Ákvæði laga nr. 41/1919 gáfu eigendum Flankastaðajarða sérstakt tilefni til að bregða skjótt við, ef þeir vildu eigi sætta sig við kennileitaákvörðun nefnds Sandgerðisbréfs, þar sem áminnt lög beinlínis lýsa landamerki, dregin einungis eftir áttum, ófullnægjandi og löglaus.

Þinglesin landamerkjabréf hafa opinbert trúgildi (publica fides). Grandlausir kaupunautar eiga að mega treysta því, að ákvæði þinglesinna bréfa, þar sem landamerki eru sett eftir kennileitum, haldi gildi sínu. Sandgerði hefur áratugum saman gengið kaupum og sölum samkvæmt landamerkjabréfinu frá 13. júní 1889, þinglesnu 18. s. m. Ekki verður talið, að kaupendur þeirra jarða hafi mátt vera grandsamir um, að landamerkjaaákvörðun Sandgerðisbréfsins eftir kennileitum væri röng, enda hafi landamerkjabréf Sandgerðis

ekki verið vefengt árum saman eftir gildistöku laga nr. 41/1919.

Gagna þeirra, sem lögð hafa verið nú fyrir Hæstarétt, var unnt að afla, áður en málið var dæmt. Leiða þau samkvæmt því, er rakið var, eigi til þess, að endurupptaka greinds máls verði leyfð eftir 59. gr. laga nr. 57/1962.

Miðvikudaginn 20. janúar 1971.

Nr. 174/1969. **Helga Magnúsdóttir**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Ferðaskrifstofu Zoëga h/f

(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1969. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 45.252.00 með 8% ársvöxtum af kr. 16.184.00 frá 21. júlí 1965 til 25. júlí 1966 og af kr. 45.252.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 16.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helga Magnúsdóttir, greiði stefnda, Ferða-